



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2008

Varðar umsögn um eftirfarandi mál:

- 1) Tillaga til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða. Þskj. 18 – 18. mál
- 2) Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði. Þskj. 43 – 43. mál
- 3) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum. Þskj. 31 – 31. mál.
- 4) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Þskj. 51 – 51. mál.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB) um ofangreind mál. Almennt má segja að FEB styðji öll þau mál sem hér um ræðir og teljum að nái þau fram að ganga verði það til bóta. Varðandi einstök mál þá viljum við segja:

- 1) FEB hefur um nokkurra ára skeið ályktað um og barist fyrir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra. Því styðjum við þessa þingsályktunartillögu heilshugar.
- 2) Lagfæringar á aðgengi í gömlu húsnæði er ákaflega mikilvægt mál að mati FEB, ekki síst í ljósi þess að gefa fleiri öldruðum möguleika á að búa lengur í eigin húsnæði. Við lýsum því yfir fullum stuðningi félagsins við framkomna tillögu.
- 3) Líkt og með tillögu um stofnun embættis umboðsmanns aldraðra hefur FEB löngum vakið athygli á því óréttlæti sem felst í því að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerði mest allar tekna greiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega. Nýlega náðist fram leiðrétting á þessum málum hvað varðar örorkulífeyrisþega og þykir okkur löngu tímabært að frítekjumark sé sett á ævisparnað ellilífeyrisþega. Við styðjum þetta frumvarp því heilshugar.
- 4) FEB er sammála þeirri greinargerð sem fylgir þessu frumvarpi og telur mjög eðlilegt að heimilt verði að greiða maka lífeyrisþegans eða öðrum nákomnum fyrir umönnun hans, enda þekkist slíkt í okkar nágrannalöndum og getur á móti sparað dýrt sjúkrahús- eða hjúkrunarrými.

Virðingarfyllst
f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík,

Margrét Margeirsdóttir
formaður

Sigurður Einarsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/232
komudagur 25.11.2008



Alþingi Íslendinga
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari fél.- og
trygg.m
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 24. nóvember 2008

Tilv.: FEL08110069/0004

Vísað er til bréfs yðar f.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem ráðuneytinu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Í tilefni af bréfinu vill ráðuneytið taka fram að það er reiðubúið að veita upplýsingar og svara spurningum sem upp kunna að koma við umfjöllun nefndarinnar um tillöguna. Að sinni mun ráðuneytið hins vegar ekki gefa almenna umsögn um tillöguna. Þá skal tekið fram að félags- og tryggingamálaráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

Agúst Geir Ágústsson



**LANDSSAMBAND
ELDRI BORGARA**



*Alþingi
Erindi nr. Þ 136/99
komudagur 17.11.2008*

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. nóvember 2008

Efni: 43.mál, Tillaga til þingsályktunar um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Framkvæmdastjórn LEB fjallaði um frumvarp til laga um almannatryggingar, 43. mál, á fundi sínum í dag.

Við þökkum flutningsmönnum fyrir tillöguna og teljum að hér sé mjög gott og þarft mál á ferðinni.

Lagfæringar varðandi aðgengi í gömlu húsnæði og ekki síður í nýju eykur möguleika þessa hóps, sem um er fjallað í tillögunni, að búa lengur í eigin húsnæði.

Virðingarfylst

Helgi K. Hjálmsón, formaður LEB.



Alþingi
Erindi nr. P 136/194
komudagur 24.11.2008

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Reykjavík 20. nóvember 2008.


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 10,
150 Reykjavík.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar
um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði
þingskj. 43-43. mál

Stjórn Samtaka eldri Sjálfstæðismanna hefur tekið fyrir erindi dags. 5. nóvember 2008 frá Félags- og Tryggingamálanefnd Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði. Flutningsmenn eru Ellert B. Schram og Steingrímur J. Sigfússon.

Stjórnin bendir á að æskilegt hefði verið að nánari útfærsla fylgdi á umfangi þeirra breytinga, sem tillagan gerir ráð fyrir, en tekur undir mikilvægi þess að allt sé gert til að bæta aðstöðu og aðgengi þeirra hópa sem tilgreindir eru í tillögunni til að geta búið sem lengst í íbúðum sínum. Er því tekið jákvætt undir þær grunnhugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst,


Salome Þorkelsdóttir, form. SES

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/255
komudagur 26.11.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2008
RH/SLB/064/08

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, 43. mál.


Vísað er til bréfs, dags. 5. nóvember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn vegna áðurgreindrar þingsályktunartillögu. Úttekt á mikilvægi þess að bæta aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði er fyrir löngu orðið tímabær.

Í lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, er kveðið á um að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja. Hjálpartækja til að draga úr fötlun og aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargarviðleitni og sjálfsbjargargetu. Er hér einkum átt við styrki vegna kaupa á hjálpartækjum með það að markmiði að auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs og til að fatlaðir geti orðið sjálfsbjarga og notið öryggis í sínu nánasta umhverfi. Má þar nefna t.d. hjólastólalyftur, sætislyftur í stiga og skábrautir svo nokkur dæmi séu nefnd. Betra aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga og þá sérstaklega í eldra húsnæði er því brýnt verkefni og getur tvímælalaust leitt til þess að einstaklingar geti búið lengur en ella heima hjá sér ef aðstaða fyrir fatlaða er löguð að byggingareglugerð þar sem mögulegt er.

Tryggingastofnun fagnar tillögunni og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forsjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b.t. Hildar Evu Sigurðardóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1.54
komudagur 19. 11. 2008

Reykjavík, 18. nóvember 2008

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.
136. löggjafarþing 2008-2009.
Þskj. 43 - 43. mál.**

Vísað er til bréfs nefndarritara félags- og tryggingamálanefndar, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er fylgjandi efni tillögunnar, sem er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í þessum efnunum. Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur verið lögð áhersla á að fólki sé gert mögulegt að búa sem lengst á eigin heimili með aukinni aðstoð. Velferðarsvið telur jafnframt ljóst að bætt aðgengi í íbúðarhúsum sé til þess fallið að auka framboð þess húsnæðis sem fatlaðir, aldraðir og barnafólk getur notað. Opinber úttekt á mikilvægi þessa er að mati Velferðarsviðs mjög gagnleg.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Hjalti Halldórsson
Halldór Hjalti Halldórsson
lögfræðingur

Alþingi
Ertindi nr. Þ 136/231
komudagur 25.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags – og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu húsnæði (43. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Viðskiptaráð leggst eðli málsins samkvæmt ekki gegn því að aðgengi aldraðra, hreyfihamlaðra og barnafólks að eigin húsnæði verði bætt. Fordæmislausar efnahagsþrengingar kalla hins vegar á fordæmislaust aðhald í ríkisfjármálum. Þó líklegt sé að útgjöld vegna þessarar tillögu séu minniháttar er ljóst að margt smátt gerir eitt stórt.

Hvort sem útgjöldin eru stór eða smá þá er ríkissjóður einfaldlega ekki aflögufær enda stendur hann nú frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur. Aukin skattheimta, með aukinni skattlagningu, væri líkt og að hella olíu á eld þar sem slíkt myndi auka líkurnar á frekari samdrætti í tekjum ríkissjóðs en nú er fyrirsjáanlegur. Leiðir þetta af því að auknar skattbyrðar draga úr hvata fólks og fyrirtækja til að afla tekna fyrir sig og þar með ríkissjóð. Umtalsverður samdráttur opinberra útgjalda er því eini valkosturinn að mati Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki að þessu sinni fram ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/164
komudagur 20.11.2008




Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2008

Landssamtökin Þroskahjálp hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á aðgengi á gömlu íbúðarhúsnæði, þskj. 43

Samtökin mæla með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P/136/195
komudagur 24.11.2008



Öldrunarráð Íslands

Hverahlíð 20 - 810 Hveragerði - Sími 480-2000 - Fax 480-2029

Hveragerði 20. nóvember 2008

Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar: Umsógn um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands styður heils hugar þingsályktunartillöguna og mælir með því að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Gísli Páll Pálsson,
formaður Öldrunarráðs Íslands.